

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag Austurbyggðar í landi Dísarstaða.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 9. febrúar 2007 tillögu að deiliskipulagi Austurbyggðar í landi Dísarstaða í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 22. nóvember 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 29. desember 2006 til og með 27. janúar 2007. Frestur til að skila athugasemdum var til og með 9. febrúar 2007.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 22. ágúst 2007.

Grétar Zóphóníasson,
fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

B-deild – Útgáfud.: 29. ágúst 2007